

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júní 1980****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi athafnarými, aðgang að ökumannssæti og dyr og glugga á landbúnaðardráttarvélum á hjólum****(80/720/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða athafnarými, aðgang að ökumannssæti (inn- og útgönguleiðir) og dyr og glugga:

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var við-

fangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽⁴⁾, eins og henni var breytt með tilskipun 79/694/EBE ⁽⁵⁾, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttarafflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása, eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst. og hafa að minnsta kosti 1 150 mm fasta eða breytilega lágmarkssporvíd drífáss.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 25, 29. 1. 1979, bls. 30.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 127, 21. 5. 1979, bls. 80.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 227, 10. 9. 1979, bls. 34.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 17.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél eða banna að hún sé seld, skráð, tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem snerta:

- athafnarými,
- aðgang að öikumannssæti (inn- og útgönguleiðir),
- dyr og glugga,

ef kröfunum í I. viðauka er fullnægt.

3. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur I. viðauka að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar 74/150/EBE.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1980.

Fyrir hönd ráðsins,

S. FORMICA

forseti.

I. VIDAUKI

I. Athafnarými

- I.1. Með „athafnarými“ er átt við lágmarksrými á milli fastra hluta sem ökumaður dráttarvélarinnar getur notað til þess að stjórna dráttarvélinni úr sæti sínu á hvern þann hátt sem þörf krefur við fullt öryggi.

Með „viðmiðunarpunkti sætis“ er átt við viðmiðunarpunkt sem ákvarðaður er með aðferðinni sem lýst er í 1. viðbæti.

Með „viðmiðunarplani“ er átt við plan sem er samhliða lengdarmiðjuplani dráttarvélarinnar og liggur í gegnum viðmiðunarstöðu sætis.

- I.2. Breidd athafnarýmisisins verður að vera a.m.k. 900 mm, í hæð frá 400 til 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis og 450 mm á lengd fyrir framan þann punkt (sjá myndir 2 og 3).
- I.3. Dráttarvélarhlutar og aukabúnaður má ekki vera ökumanni til óþæginda við akstur dráttarvélarinnar.
- I.4. Hver sem staða stýrisstangar og stýrishjóls er skal fjarlægðin á milli neðsta hluta stýrishjóls og fastra hluta dráttarvélarinnar vera a.m.k. 50 mm. Í allar aðrar áttir skal fjarlægðin vera a.m.k. 80 mm frá brún stýrishjólsins, mælt utan þess svæðis sem stýrishjólið nær yfir (sjá mynd 2).
- I.5. Aftari veggur stýrishúss skal í 300 til 900 mm hæð yfir viðmiðunarpunkti sætis vera minnst 150 mm fyrir aftan lóðrétt plan sem er hornrétt á viðmiðunarplanið og liggur í gegnum viðmiðunarpunktinn (sjá myndir 2 og 3).

Veggurinn skal vera a.m.k. 300 mm breiður hvorum megin við viðmiðunarpunkt sætisins (sjá mynd 3).

- I.6. Handvirk stjórnækki skulu staðsett með tilliti til hvers annars og annarra hluta dráttarvélarinnar þannig að ekki sé hætt á að ökumaður hljóti meiðsl á höndum af notkun þeirra.

Þegar krafturinn sem þarf til að knýja stjórnækki fer yfir 150 N er 50 mm fjarlægð talin nægjanleg og þegar krafturinn er á milli 80 N og 150 N nægir 25 mm fjarlægð. Engin mörk eru á fjarlægðum milli stjórnækja þegar krafturinn sem þarf til að stjórna þeim er undir 80 N (sjá mynd 3).

Aðrar staðsetningar stjórnækja sem fullnægja öryggisstöðlum á samsvarandi hátt eru leyfilegar.

- I.7. Enginn hluti þaksins má vera minna en 1 050 mm frá viðmiðunarpunkti sætisins á þeim hluta sem staðsettur er fyrir framan lóðrétt plan sem liggur í gegnum viðmiðunarpunktinn og hornrétt á viðmiðunarplanið (sjá mynd 2).

II. Aðgangur að ökumannssæti (inn- og útgönguleiðir)

- II.1. Inn- og útgönguleiðir skulu vera hættulausar. Hjólnöf, hjólkoppa eða felgur má ekki nota sem stigbretti eða þrep.

- II.2. Leiðin að ökumannssæti og farþegasæti verður að vera laus við alla þá hluta sem líklegir eru til að valda meiðslum. Þegar um er að ræða hindrun eins og tengslisfetil verður stigbretti eða ástígg sem tryggir öruggan aðgang að ökumannssæti að vera til staðar.

- II.3. Stigbretti, innbyggð fótstig og þrep skulu hafa eftirfarandi mál:

á dýpt: lágmark 150 mm,
á breidd: lágmark 250 mm,

(gildi sem eru lægri en þessi lágmarksbreidd eru einungis leyfð þegar þau eru tæknilega nauðsynleg. Í slíkum tilvikum er markmiðið að ná eins miklu svigrúmi á breiddina og mögulegt er. Það má þó ekki vera minna en 150 mm.)

á hæð: lágmark 120 mm,
fjarlægð á milli
yfirborðs tveggja lágmark 300 mm (sjá mynd 4).
þrepa:

II.4. Efra stigbrettið eða þrepið skal vera auðsjáanlegt og aðgengilegt fyrir þann sem yfirgefur ökutækið. Lóðrétt fjarlægð á milli samliggjandi þrepa verður að vera eins jöfn og mögulegt er.

II.5. Hæfileg handföng skulu vera við allar inn- og útgönguleiðir.

II.6. Neðsta fótstigið má ekki vera meira en 550 mm frá jörðu þegar dráttarvélin er með stærstu hjólbarðastærð sem framleiðandi mælir með (sjá mynd 4). Þrepin skulu hönnuð og gerð á þann hátt að ekki sé hætt á að menn renni til á þeim.

III. **Dyr, gluggar og neyðarútgangar**

III.1. Handföng á hurðum og gluggum skulu hönnuð og þeim komið fyrir þannig að þau hvorki skapi öikumanni hættu né hindri hann í akstri.

III.2. Hurðir verða að opnast nægilega mikið til að inn- og útgangur sé hættulaus.

III.3. Gluggar sem eiga að loftræsta skulu auðstillanlegir.

III.4. Dyr skulu að jafnaði vera á báðum hliðum stýrishúss.

III.5. Á tveggja dyra stýrishúsum verður að vera aukaútgönguleið sem er neyðarútgangur.

Á stýrishúsum með einum dyrum skulu vera tvær aukaútgönguleiðir sem eru neyðarútgangar.

Útgönguleiðirnar þrjár verða að vera hver á sínum vegg („veggur“ á hér einnig við þakið). Nota má framrúður og hliðar-, aftur- og þakglugga sem neyðarútganga ef ráðstafanir eru gerðar til að hægt sé að opna þá á skjótan hátt innan úr stýrishúsinu.

Umgerð neyðarútganga má ekki skapa hættu við útgang.

Lágmarksstærð neyðarútganga skal vera sú sem þarf til að afmarka sporbaug með 440 mm skammás og 640 mm langás.

(Mál í mm)

Innri hluti þaks

450 min.
Vinstri hlið stjórnklefa
1 050 min.

450 min.

Hægri hlið stjórnklefa
900 min.

400 max.

Viðmiðunarpunktur sætis

Mynd 1

(Mál í mm)



Mynd 2

(Mál í mm)

Handvirk stjórn tæki

0/25/50 min.

150 min.

300 min.

300 min.

450 min.

Viðmiðunarpunktur sætis

Mynd 3

(Mál í mm)

150 min.
Þetta er ekki stærðin
á yfirborði stigbrettisins

Pröskuldur

250 min.

120 min.

300 max.

Jörð

550 max.

Mynd 4

1. Viðbætur

AÐFERÐ TIL AÐ ÁKVARÐA VIÐMIÐUNARPUNKT SÆTIS (S)**1. Skilgreining á viðmiðunarpunktinum (S)**

Með „viðmiðunarpunkti sætis (S)“ er átt við skurðpunkt lengdarmiðjuplans sætisins á milli snertiflatar á bólstraðri bakstoð og lárétts flatar. Þessi lárétti flötur sker lægri sætisflötinn 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætisins (S).

2. Staðsetning sætisins

Sætið verður að vera stillt í öftustu lengdarstöðu og í miðstöðu á hæðarstillingu. Sæti sem eru með fjöðrunarbúnaði skulu sett í miðstöðu fjöðrunarferils hvort sem þau eru stillanleg eftir þyngd ökumanns eða ekki.

3. Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis (S)

Búnaðurinn sem sýndur er á mynd 1 samanstendur af burðarfleti sætis og bakstoðum. Lægri bakstoðin skal vera með samskeytum í mjaðmarhæð (A) og lendarhæð (B), og er hæð samskeyta (B) stillanleg.

4. Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis (S)

Viðmiðunarpunktur sætis (S) skal ákvarðaður með búnaði sem sýndur er á myndum 1 og 2 og líkir eftir því að ökumaður sitji í sætinu. Búnaðurinn er settur á sætið. Síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm fyrir framan samskeyti (A), þar næst er þrýst létt á tvo hluta bakstoðarinnar í snertistefnu að bólstraðri bakstoðinni.

Ef ekki er mögulegt að ákvarða ákveðna snertifleti við hvorn hluta bólstraðrar bakstoðar (fyrir neðan og ofan lendarhæð) skal beita eftirfarandi aðferð.

- (a) Þegar ekki er mögulegt að ákvarða snertiflöt við neðsta mögulega hluta verður að þrýsta lægri bakstoð í lóðréttri stillingu léttilega að bólstraðri bakstoðinni;
- (b) Þegar ekki er mögulegt að ákvarða snertiflöt við efsta mögulega hluta, ef lægri hluti bakstoðar er lóðréttur, verður að festa samskeytin (B) í 230 mm hæð yfir viðmiðunarpunkti sætis (S). Þá skal þrýsta létt á tvo hluta bakstoðarinnar sem er í lóðréttri stillingu í snertistefnu að bólstraðri bakstoðinni.

Mynd 1

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis (S)

(Mál í mm)

Mynd 2

Staða búnaðar

(ef 4 (b))

Viðmiðunarpunktur sætis (S)

II. VIÐAUKI

FYRIRMYND

Heiti yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EBE-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR DRÁTTARVÉLARGERÐ
VARÐANDI ATHAFNARÝMI, AÐGANG AÐ ÖKUMANNSSÆTI (INN- OG ÚTGÖNGULEIÐIR) OG DYR
OG GLUGGA(2. mgr. 4. gr. og 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna
varðandi EBE-gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum)

- EBE-gerðarviðurkenningarnúmer
1. Íhluti(ar) eða eiginleiki(ar)
 - athafnarými,
 - aðgangur að ökumannssæti (inn- og útgönguleiðir),
 - dyr og gluggar
 2. Tegund dráttarvélar eða fyrirtækjaheiti framleiðanda
 3. Gerð og verslunarheiti dráttarvélar
 4. Nafn og heimilisfang framleiðanda
 5. Nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda (ef við á)
 6. Lýsing á íhluta(um) og/eða eiginleika(um) sem nefndir eru í lið 1
 7. Dráttarvél afhent til EBE-gerðarviðurkenningar þann
 8. Tækniþjónustan sem sér um gerðarprófun
 9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gaf út
 10. Númer skýrslu sem þjónustan gaf út
 11. EBE-gerðarviðurkenning er veitt/synjað er um EBE-gerðarviðurkenningu að því er snertir
athafnarými, aðgang að ökumannssæti (inn- og útgönguleiðir) og dyr og glugga ⁽¹⁾.
 12. Staður
 13. Dagsetning
 14. Undirskrift
 15. Eftirfarandi skjöl sem bera númer EBE-gerðarviðurkenningar fylgja með þessu vottorði:
 - Málsett teikning,
 - Sundurgreint sjónarhorn eða ljósmynd af stýrishúsi og/eða
inn- og útgönguleiðum.
 Upplýsingarnar skulu afhentar lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja fari þau fram á það.
 16. Athugasemdir

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.